

Trausti Jónsson¹ og Haraldur Ólafsson²

1) Veðurstofu Íslands

2) Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands

Glitský og fjallabylgjur

Kannaðar eru glitskýjaathuganir sem gerðar hafa verið á Íslandi í rúm 40 ár. Glitský eru algengust í janúar, desember og febrúar. Aðeins fá tilvik eru skráð utan þess tíma.

Algengast er glitský sjáist á Norðurlandi eða Austurlandi, en fremur sjaldgæft er að þeirra verði vart suðvestanlands. Skoðun á lofstraumum þá daga þegar glitský sjást leiðir í ljós að þeir eru að jafnaði afar hagstæðir fyrir myndun fjallabylgna og vöxt þeirra allt upp í heiðhvolfið. Það má því leiða líkum að því að kæling vegna uppstreymis í fjallabylgju ríði baggamuninn til að framkalla glitský. Kemur það heim og saman við að þótt glitský tengist vissulega kuldaköstum í heiðhvolfinu er hiti tiltölulega hár miðað við það sem gengur og gerist þar sem sést til glitskýja annars staðar á hnettinum.